

Föstudaginn 22. október 1993.

Nr. 419/1993. **Ákærvaldið**

gegn

Heiðu Björk Hjaltadóttur.

Kærumál. Gæsluvarðhald, 2. mgr. 103. gr. l. nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Varnaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar samkvæmt heimild í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála með kæru 15. október 1993, sem barst Hæstarétti 18. sama mánaðar. Hún krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi. Þá krefst hún kærumálskostnaðar.

Af hálfu ákærvalds er krafist staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Hinn 15. október 1993 gaf ríkissaksóknari út ákæru á hendur ákærðu fyrir líkamsárás, sem þar er talin varða við 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981. Brot þetta, sem ákærða hefur játað aðild að, getur varðað fangelsi allt að 16 árum.

Samkvæmt 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 og með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Kærumálskostnaður er ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 15. október 1993.

Ríkissaksóknari hefur krafist þess, að heiðu Björk Hjaltadóttur, kt. 170777-4689, til heimilis að Jórufelli 8, Reykjavík, verði gert að sæta áframhaldandi gæsluvarðhaldi allt til uppkvaðningar dóms í málinu, þó eigi lengur en til fimmtudagsins 11. nóvember nk. kl. 16.00.

Ákæra var birt heiðu Björk í dag.

Ákærða hefur setið í gæsluvarðhaldi frá 3. október sl., en henni er gefin að sök hrottaleg líkamsárás, sem stórfellt líkamstjón hefur hlotist af.

Ákærða, Heiða Björk, hefur viðurkennt að hafa átt aðild að áflogum þeim, sem urðu til þess, að G, fædd 1978, , Reykjavík, varð fyrir stórfelldu líkamstjóni. Þá hefur hún við skýrslutöku hjá RLR 5. október sl. jatað að hafa spunnið upp frásögn um þriðju stúlkuna, sem hún hafi áður sagt, að hefði blandast í átökin við G. Brot það, sem ákærða hefur kannast við að hafa átt aðild að, getur varðað fangelsi allt að 16 árum, sbr. 2. mgr. 218. gr. laga 19/1940.

Ríkissaksóknari styður gæsluvarðhaldskröfu sína við 2. mgr. 103. gr. laga 19/1991, sbr. 3. ml. 2. mgr. 105. gr. sömu laga.

Verjandi ákærðu hefur mótmælt fram kominni gæsluvarðhaldskröfu, þar eð 2. mgr. 103. gr. laga 19/1991 eigi ekki við.

Með vísan til framanritaðs sem og rannsóknargagna málsins þykir verða að taka kröfu ríkissaksóknara til greina með vísan til 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Ákærða skal sæta gæsluvarðhaldi allt til uppkvaðningar héraðsdóms í málinu, en þó ekki lengur en til fimmtudagsins 11. nóvember 1993 kl. 16.00.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Ákærða, Heiða Björk Hjaltadóttir, sæti gæsluvarðhaldi, allt þar til dómur gengur í héraði, en þó ekki lengur en til fimmtudagsins 11. nóvember 1993 kl. 16.00.
